

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Hr. sveitarstjóri

Kristófer A. Tómasson

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.0	K/S 14.3.19
Ábmr.	Syfr.
Afgr. <i>Fundur</i>	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Fyrir hönd eigenda jarðanna Miðhúsa I. og II. og í samráði við eigendur jarðarinnar Þrándarholts er bréf þetta ritað til að vekja athygli sveitarfélagsins á þeirri stöðu sem viðkomandi jarðir og nokkrir fleiri notendur kaldavatnsveitu úr landi Miðhúsa eru í.

Forsagan er að bændur á Miðhúsum og í Þrándarholti réðust í það snemma á síðustu öld, líklega nálægt 1930, að leiða neysluvatn heim á bæi sína úr uppsprettu austanvert í Torfdal í landi Miðhúsa. Nýbýlið Stöðulfell hefur svo væntanlega tengst veitunni strax og það kom til um 1945. Lagnir voru síðan endurnýjaðar og reistur miðlunartankur á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Ekki verður annað ráðið af takmörkuðum heimildum og samtölum við þá sem til þekkja en að þetta hafi landeigendur allt gert fyrir eigin reikning. Sama á við um endurbætur sem ráðist var í við uppsprettuna sjálfa fyrir nokkrum árum en þá bar á vatnsskorti tvö sumur í röð í kjölfar mikils þurrviðris. En einnig kemur það til að fleiri notendur hafa tengst inn á veituna, án þess að hafa fengið til þess samþykki og án þess að leggja neitt til reksturs hennar. Er þá einkum átt við íbúðarhús neðan Þjóðveggar á móts við Þrándarholt. Auk þess má nefna að neðan Þjóðveggar á móts við Þrándarlund er rekin alifuglatengd atvinnustarfsemi sem einnig er tengd vatnsveitunni án þess að greiða nokkuð fyrir.

Bréfritarar telja mikilvægt að þessi staða mál sé sveitarfélaginu ljós. Veitan á nú fullt í fangi með að anna kaldvatnspörf þeirra bæja sem hana reistu og eiga í sameign og ekki getur gengið að nýir notendur tengi sig inn á hana, hvað þá endurgjaldslaust.

Því er þess hér með óskað að sveitarfélagið taki mál þetta til skoðunar og finni á því viðeigandi lausn. Aðstandendur vatnsveitunnar úr landi Miðhúsa eru að sjálfsögðu tilbúnir til viðræðna við sveitarfélagið um málið.

Selfossi og í Reykjavík í marsmánuði 2019.

f.h. Krosshóls ehf. eigenda Miðhúsa I

Beatrix Maríusdóttir 0412563979

Kristinn Ólafsson 160554-4959

Fh. Miðhúsa II